

Fimmtudaginn 18. júní 1998.

Nr. 162/1998.

Ákærvaldið

(Ragnheiður Harðardóttir,
settur saksóknari)
gegn

Gunnari Péturssyni

(Kristján Stefánsson hrl.) og

Unnari Sigurði Hansen

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Þjófnaður. Nytjastuldur. Ávana- og fíkniefni. Umferðarlög. Almannahætta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingar ákærðu um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 8. apríl 1998. Endanleg krafa ákærvalds er, að héraðsdómur verði staðfestur, að því er varðar sakfellingu, upptöku efna, sviptingu ökuréttar og greiðslu sakarkostnaðar, en að refsing ákærðu verði þýngd.

Ákærði Gunnar Pétursson krefst sýknu af ákæruatriðum í 6. til 12. lið að báðum meðtöldum í I. kafla ákæru og af 1., 4. og 5. lið í II. kafla hennar. Hann krefst þess jafnframt, að refsing verði milduð.

Ákærði Unnar Sigurður Hansen krefst sýknu af ákæruatriðum í I. kafla ákæru og að refsing verði jafnframt milduð.

I.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti lagði verjandi ákærða Unnars Sigurðar fram bréf hans 9. júní 1998 til verjandans. Þar kemst ákærði svo að orði, að hann óski þess, að áfrýjun málsins verði dregin til baka. Ríkissaksóknari hafði nokkru áður lagt til réttarins bréf þessa ákærða 14. maí 1998, þar sem hann fer þess á leit við ríkissaksóknara, að mál, sem ákærði hafi áfrýjað til Hæstaréttar, verði dregið til baka. Ákærvaldið hefur ekki af þessu tilefni fallið frá kröfum sínum í málinu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti skýrði verjandi ákærða bréfaskrif skjólstaðings síns svo,

að þar sem ákærvaldið hefði ekki fallið frá áfrýjun héraðsdóms fyrir sitt leyti, héldi ákærði fast við þær kröfur, sem fram komu í greinargerð hans og getið er að framan.

Bréf ákærða eru ekki svo skýr og afdráttarlaus, að unnt sé að líta svo á, að áfrýjun hans sé skilyrðislaust dregin til baka óháð því, hvort ákærvaldið geri hið sama. Verður litið svo á, að áfrýjun hans og kröfugerð í málinu standi óhöggð.

II.

Ákærði Gunnar neitar sök, að því er varðar innbrot og þjófnaði, sem getur í 6., 8. og 9. lið í I. kafla ákæru og 4. og 5. lið í II. kafla hennar. Er í héraðsdómi rakið, að ákærði hafi fyrir lögreglu játað að hafa framið umrædd brot, en fallið frá þeim játningum fyrir dómi. Lögreglumenn, sem tóku skýrslur, komu fyrir dóm. Svo sem rakið er í héraðsdómi, nýtur um þessi atriði frekari sönnunargagna í málinu, sem tengja ákærða við brotin, en þeirra játninga fyrir lögreglu, sem dregnar voru til baka. Verður fallist á með héraðsdómi, að ákærvaldinu hafi tekist að sanna þær sakargiftir, sem hér um ræðir. Þetta á þó ekki við um 5. lið í II. kafla ákæru, en ekki hafa fengist viðhlítandi skýringar um afdrif loftpressu, sem ákærða er í nefndum ákærulið gefið að sök að hafa stolið. Verður ákærði sýknaður af sakargiftum í þessum lið ákæru, en jafnframt staðfest sakfelling héraðsdóms um aðra liði, sem að framan eru taldir.

Ákærði Gunnar neitar einnig sök, að því er varðar heimildarlausu notkun ökutækja í 7. og 10. til 12. liðar I. kafla ákæru og umferðarlagabrot samkvæmt 1. lið í II. kafla hennar. Verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um, að sök ákærða um öll þessi brot teljist sönnuð.

Ákærði Unnar Sigurður neitar sök, að því er varðar I. kafla ákæru. Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sakfellingu ákærða af öllum ákæruatriðum, sem að honum er beint. Það athugast, að brot samkvæmt 1. til 5. liðar í I. kafla ákæru voru framin aðfaranótt 24. október 1997, en ekki 27. sama mánaðar, eins og ranglega hermir í ákæru.

Brot ákærðu eru réttilega heimfærð til refsíákvæða í héraðsdómi.

III.

Í V. kafla héraðsdóms er rakinn sakaferill ákærðu, sem í báðum tilvikum er langur og alvarlegur. Verður refsing þeirra ákveðin með hliðsjón af ákvæðum 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 72. gr. sömu laga, auk annarra þeirra lagaákvæða, sem vísað er til í nefndum kafla héraðsdóms.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 1997 var ákærði Gunnar dæmdur í sjö mánaða fangelsi fyrir eitt þjófnaðarbrot, sem hann framdi 9. október 1997, en inn í þá refsingu voru felldar eftirstöðvar refsingar samkvæmt reynslulausn vegna fyrri dóms, 170 dagar. Verður refsing nú ákveðin sem hegningarauki við þann dóm, sbr. 78. gr. laga nr. 19/1940. Þykir refsing ákærða Gunnars vera hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Samkvæmt bréfi Fangelsismálastofnunar ríkisins 17. apríl 1998 hóf ákærði 18. desember 1997 að afplána refsingu samkvæmt áðurgreindum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, en frá 2. desember 1997 til 18. sama mánaðar sætti hann gæsluvarðhaldi vegna málsins. Skal sá tími koma að fullu til frádráttar refsingu ákærða.

Refsing ákærða Unnars Sigurðar þykir hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Hann hefur sætt gæsluvarðhaldi vegna málsins óslitið frá 11. nóvember 1997, og kemur sá tími að fullu til frádráttar refsingu ákærða.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttar ákærðu, upptöku efna og um sakarkostnað verða staðfest. Ákærðu skulu greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði Gunnar Pétursson sæti fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhald, sem ákærði sætti frá 2. desember 1997 til 18. sama mánaðar.

Ákærði Unnar Sigurður Hansen sæti fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar refsivistinni komi gæsluvarðhald, sem ákærði hefur sætt frá 11. nóvember 1997.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuréttar ákærðu, upptöku efna og um sakarkostnað skulu vera öröskuð.

Ákærði Gunnar Pétursson greiði skipuðum verjanda sínum,

Kristjáni Stefánssyni hæstaréttarlögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Ákærði Unnar Sigurður Hansen greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 40.000 krónur í málsvarnarlaun fyrir Hæstarétti.

Annan áfrýjunarkostnað málsins greiði ákærðu sameiginlega, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 12. mars 1998.

Ár 1998, fimmtudag 12. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. S-7/1998: Ákærvaldið gegn Gunnari Péturssyni og Unnari Sigurði Hansen, kveðinn upp dómur þessi.

I.

Mál þetta var dómtekið 19. febrúar sl. Er það höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dagsettri 20. janúar 1998, á hendur ákærðu, Gunnari Péturssyni, kt. 131270-3139, heimilislausum, og Unnari Sigurði Hansen, kt. 170966-4659, til heimilis að Bröttukinn 5, Hafnarfirði, báðum nú með dvalarstað í fangelsinu að Litla-Hrauni, birtri fyrir ákærðu 27. janúar 1998.

Ákærðu eru gefin að sök eftirtalin brot, framin árið 1997:

„I.

Gegn ákærðu báðum fyrir innbrotspjófnaði og nytjastuldi með því að hafa í félagi:

1. aðfaranótt mánudagsins 27. október ekið í heimildarleysi dráttarvélinni HD-1410 frá bænum Syðra-Hóli, Vindhælishreppi,
2. sömu nótt í heimildarleysi ekið dráttarvélinni HD-646 frá bænum Þverá í Norðurárdal,
3. sömu nótt brotist inn í söluskála Olís við Oddagötu á Skagaströnd og stolið þaðan tóbaki og smámynt, samtals að fjárhæð 27.327 krónur,
4. sömu nótt brotist inn í vélasal Hólaness við Einbúastíg á Skagaströnd og stolið þaðan verkfærum,
5. sömu nótt brotist inn í íþróttahúsið við Oddagötu á Skagaströnd og stolið þaðan verkfærum,
6. aðfaranótt föstudags 31. október brotist inn í bílskúr við Ölduslóð 27, Hafnarfirði, og stolið þaðan m. a. verkfærum og talstöðvum, að verðmæti um 300.000 krónur,

7. aðfaranótt fimmtudags 6. nóvember brotist inn í vélaverkstæði Litla-fells, Vörðusundi 3, Grindavík, tekið þar bifreiðina AL-309 og ekið henni í heimildarleysi á brott,
8. sömu nótt brotist inn í Félagsheimilið Festi, Víkurbraut 58, Grindavík, og stolið þaðan m. a. sjónvarpstæki, myndbandsupptökuvél og hljómf-lutningstækjum, alls að verðmæti um 1.000.000 krónur,
9. aðfaranótt laugardags 8. nóvember brotist inn í fyrirtæki að Bæjar-hrauni 8, Hafnarfirði, og stolið þaðan m. a. tölvu, peningakassa og pen-ingaskáp, sem í voru um 195.000 krónur í reiðufé,
10. sömu nótt ekið bifreiðinni PD-158 í heimildarleysi frá Laufvangi 4, Hafnarfirði,
11. sömu nótt ekið bifreiðinni R-72436 í heimildarleysi frá Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði,
12. sunnudagskvöldið 9. nóvember ekið bifreiðinni IY-319 í heimildarleysi frá Stapahrauni 2, Hafnarfirði.

Telst háttsemi ákærðu samkvæmt liðum 1, 2, 7, 10, 11 og 12 varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, en samkvæmt liðum 3 til 6 og 8 til 9 við 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Gegn ákærða Gunnari Péturssyni fyrir eftirgreind brot gegn almennum hegningarlögum, umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni:

1. fyrir umferðarlagabrot með því að aka aðfaranótt laugardags 6. septem-ber bifreiðinni G-9592 undir slíkum áhrifum amfetamíns, að hann var ekki fær um að stjórna bifreiðinni örugglega, vestur Fossheiði við Gagnheiði,
2. fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa fimmtu-dag 9. október, er lögregla hafði afskipti af honum á bifreiðastæði við Nesti, Ártúnshöfða, þar sem hann var farþegi í bifreiðinni JX-066, haft í fórum sínum 9,6 g af amfetamíni, 4,6 g af hassi og 0,3 g af maríhúana,
3. fyrir þjófnaðartilraun með því að hafa aðfaranótt mánudags 27. októ-ber í þjófnaðarskyni reynt að brjótast inn í bifreiðageymslu við Lækjar-götu 34, Hafnarfirði,
4. fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt miðvikudags 29. október farið inn í flugskýli nr. 31 d á Reykjavíkflugvelli og stolið þaðan tækjum og verkfærum, að verðmæti um 500.000 krónur,
5. fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt föstudags 31. október stolið loftpressu, að verðmæti 126.000 krónur, frá lokuðu vinnusvæði við Ós-eyrarbraut 5, Hafnarfirði.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt lið 1 varða við 2. mgr. 44. gr., sbr. 1.

mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, samkvæmt lið 2 við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, samkvæmt lið 3 við 244. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og samkvæmt liðum 4 og 5 við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Gegn ákærða Unnari Sigurði Hansen fyrir eftirgreind brot gegn almenn-um hegningarlögum, umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni:

1. fyrir röskun á umferðaröryggi og umferðarlagabrot með því að aka sunnudagskvöldið 9. nóvember bifreiðinni IY-319 undir slíkum áhrifum fíkniefna, að hann gat ekki stjórnað bifreiðinni örugglega, frá Stapa-hrauni 2, Hafnarfirði, sinna þar ekki stöðvunarmerkjum lögreglu, held-ur aka á undan henni með miklum hraða vestur Flatahraun og yfir gatnamót við Fjarðarhraun, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu þar á götuvitum fyrir akstursstefnu hans, áfram vestur Hraunbrún, suður Vesturgötu og Fjarðargötu, austur Lækjargötu og yfir gatnamót Lækjar-götu og Reykjanesbrautar, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu þar á götuvitum fyrir akstursstefnu hans, norður Reykjanesbraut og austur nýju Reykjanesbrautina og aka þar með allt að 140 kílómetra hraða miðað við klukkustund, en allnokkur umferð var um veginn, yfir gatna-mót við Álfabakka, Stekkjarbakka og Smiðjuveg, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu á götuvitum fyrir akstursstefnu hans, og beygja vestur Miklubraut og aka með ofsahraða yfir gatnamót við Skeiðarvog, Háa-leitisbraut, Kringlumýrarbraut, Lönguhlíð og Snorrabraut, þrátt fyrir það að rauð ljós loguðu á götuvitum fyrir akstursstefnu hans, og var bif-reiðinni ekið með yfir 170 kílómetra hraða miðað við klukkustund á móts við Kringluna, aka áfram vestur Hringbraut með miklum hraða, en á þeirri leið rakst bifreiðin á bifreiðarnar JA-948 og KG-464, sem ekið var í sömu átt, og inn á Melatorg, þar sem ákærði missti stjórn á bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún lenti út af veginum,
2. fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni með því að hafa, er lög-regla hafði afskipti af honum vegna akstursins ofangreint sinn, haft í fórum sínum 9,8 g af hassi, 1,8 g af amfetamíni og 0,4 g af maríhuána.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt lið 1 varða við 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga, 1. mgr. 4. gr., 1. og 3. mgr. 5. gr., 1. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr., staflíði a og c, 36. gr., 1. mgr., sbr. 3. mgr. 37. gr., og 2. mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, en liður 2 við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986, sbr. reglu-gerð nr. 177/1986“.

Þess er krafist af hálfu ákærvaldsins, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 1. mgr. 101. gr. umferðarlaga. Þess er jafnframt krafist, að ákærði Gunnar sæti upptöku á 9,6 g af amfetamíni, 4,6 g af hassi og 0,3 g af maríhúana og ákærði Unnar Sigurður á 9,8 g af hassi, 1,8 g af amfetamíni og 0,4 g af hassi samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Í málinu krefjast eftirtaldir aðilar skaðabóta að tilgreindri fjárhæð:

1. Magnús Aadnegard, kennitala 090542-4199, 25.000 króna,
2. Óttar Felix Hauksson, kennitala 190150-2759, 40.000 króna,
3. Bragi H. Kárasón, kennitala 130249-3379, 50.000 króna.

Ákærði Gunnar Pétursson gerir þær kröfur, að hann verði sýknaður af ákæruliðum 6 til 12 í I. kafla ákæru og einnig af ákæruliðum 1, 4 og 5 í II. kafla ákæru. Vegna þeirra brota, sem greind eru í ákæruliðum 1 til 5 í I. kafla ákæru og 2 til 3 í II. kafla, krefst ákærði Gunnar vægustu refsingar, sem lög heimila, og einnig, að gæsluvarðhaldsvist hans komi til frádráttar dæmdri refsivist. Enn fremur gerir hann þá kröfu, að eigi verði í þessu tilliti miðað við þann tíma, er ákærði hóf gæsluvarðhaldsvist sína, heldur verði miðað við uppkvaðningardag dóms Hæstaréttar um gæsluvarðhald yfir honum. Að lokum fer verjandi ákærða Gunnars fram á, að sér verði dæmd hæfileg réttargæslu- og málsvarnarlaun að mati dómsins.

Ákærði Unnar Sigurður Hansen gerir eftirfarandi kröfur:

1. að verða sýknaður af I. kafla ákæru,
2. að hljóta vægustu refsingu, sem lög leyfa, vegna III. kafla ákæru, til frádráttar refsivist, ef til kemur, komi til frádráttar gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 11. nóvember 1997,
3. að bótakröfum verði vísað frá dómi,
4. að réttargæslu- og málsvarnarlaun verði tildæmd.

II.

I. kafla ákæru.

Ákæruliðir 1 – 5.

Málavextir.

24. október 1997 barst lögreglunni á Blönduósi tilkynning um innbrot í Olísskálann á Skagatrönd. Fór lögregla á staðinn og fékk þar einnig að vita um innbrot í vélasal frystihússins Skagstrendings. Þá var tilkynnt um nytjastuld á dráttarvél frá bænum Þverá, og hefði hún fundist skammt frá bænum, á hliðinni, utan vegar. Vaknaði grunur þegar um hugsanleg tengsl þessara mála, og héldu því lögreglumenn beint að Þverá. Við hlið dráttarvélarinnar fannst vasaljós. Stóð vélin þannig, að ljóst var, að henni hafði verið ekið frá Þverá í átt að Skagastrandarvegi, en vegurinn í hina áttina liggur

yfir Þverárfjall og yfir í Skagafjörð. Taldi eigandi, að vélin hefði verið tekin um klukkan sex um morguninn. Þá kannaði lögregla veginn yfir Þverárfjall, og fannst þar Saab-bifreið utan vegar. Bentu ummerki til, að reynt hefði verið að losa bifreiðina, en án árangurs. Síðar kom í ljós, að þetta var bifreiðin Ö-11213 í eigu ákærða Gunnars Péturssonar. Fundust skráningarmarki bifreiðarinnar í fórum hans, er hann var handtekinn síðar um daginn.

Málavöxtum verður hér nánar lýst í samræmi við skýrslu, sem ákærði Gunnar gaf fyrir lögreglu á Blönduósi og hann hefur játað rétta fyrir dómnum um annað en þátt ákærða Unnar. Um hans þátt verður fjallað sérstaklega.

Ákærði Gunnar kveðst hafa lagt af stað frá Hafnarfirði upp úr miðnætti aðfaranótt 24. október 1997 og tilgangur fararinnar verið að brjótast inn í Olísskálann á Skagaströnd. Er til Skagastrandar var komið, hefði hann haldið beint að frystihúsi Skagastrendings hf., brotist þar inn og tekið þar meðal annars öxi og fleiri smáverkfæri. Þá hafi hann haldið að nýbyggingu á íþróttaskemmu við Bogabraut, spennt þar upp glugga og haft þaðan á brott með sér verkfærakistu. Að því loknu hafi hann haldið að Olísskálann, brotist þar inn og stolið tóbaki og smámynt. Því næst hafi hann ekið til baka í átt til Blönduóss. Ákærði kveðst hafa villst inn á veginn yfir Þverárfjall, en misst bílinn þar út af og ekki getað náð honum upp á veginn aftur. Hann hafi því gengið til baka, eftir að hann hafði falið þýfið í nágrenni bifreiðarinnar. Kom hann þá að Þverá og tók þar dráttarvélinu HD-646 traustataki. Endaði sú ökuferð með því, að dráttarvélin valt ofan í skurð. Hélt hann þá áfram fótgangandi, uns hann kom að bænum Syðra-Hóli, og tókst honum þar að að komast yfir aðra dráttarvél, HD-1410, sem hann hefði ekið alla leið til Blönduóss. Fannst vélin síðar við bifreiðaverkstæðið Bílaþjónustuna og virtist óskemmd. Ákærði Gunnar kveðst síðan hafa haldið í Essóskálann á Blönduósi og komið þangað milli klukkan 9.30 og 10.00 að morgni 25. október.

Vitnið Zophonías Ari Lárusson, kt. 011075-6069, Melabraut 21, Blönduósi, kom fyrir réttinn og sagðist hafa verið við vinnu í Essóskálann þennan morgun og muna eftir tveimur mönnum, sem þangað komu milli klukkan 9.30 og 10.00, og sagði þá hafa verið blauta og kalda. Hann þekkti ákærða Unnar Sigurð sem annan þessara manna.

Fyrir réttinn kom einnig sem vitni Þorvaldur Ólafsson, kt. 191158-5209, Urðarbraut 17, Blönduósi. Hann kveðst hafa komið í Essóskálann umræddan morgun og hitt þar fyrir tvo menn, blauta og hrakta. Hafi hann rætt við þá og þeir tjáð sér, að bíll þeirra hefði bilað. Vitnið sagði greinilegt af sam-

talínu, að mennirnir hefðu báðir verið í bílnum, sem bilaði, og báðir rétt, hvernig þeir reyndu að koma bílnum af stað. Vitnið kannaðist við báða ákærðu sem þessa tvo menn og sagði að því spurt, að ákærði Unnar Sigurður hefði haft orð fyrir þeim. Vitnið kvaðst hafa ekið mönnunum tveimur að Blönduskálanum og kvatt þá þar.

Ákærði Unnar tók því næst bíl á leigu, og óku þeir félagarnir brott. Voru þeir svo handteknir á nefndum bílaleigubíl síðar um daginn, grunaðir um að hafa framið í sameiningu þau brot, sem greinir í ákæruliðum 1 til 5 og ákærði Gunnar hefur gengist við bæði fyrir lögreglu og hér fyrir dómi.

Ákærði Unnar hefur frá fyrstu tíð neitað öllum sakargiftum. Hefur hann borið það fyrir lögreglu og staðfest þann framburð sinn hér fyrir dómi, að ákærði Gunnar hafi hringt í sig snemma að morgni 25. október 1997 frá Blönduósi, og kveðst hann hafa haldið þegar til fundar við Gunnar. Kveðst hann hafa tekið strætisvagn upp í Mosfellsbæ og fengið þaðan far alla leið til Blönduóss með manni, sem hafi verið á leið til Akureyrar. Hafi hann ekkert komið nálægt þeim afbrotum, sem nefnd eru í ákæruskjali undir liðum 1 til 5, enda verið nýkominn á staðinn, er vitni sáú þá félaga saman í Essóskálanum um klukkan 9.30 um morguninn.

Vitnið Theódóra A. Berndsen, kt. 261077-4269, Urðarbraut 22, Blönduósi, ber fyrir dóminum, að milli kl 7.30 og 8.00 hafi hún verið stödd heima hjá sér að Njálssstöðum í Vindhælishreppi og þá séð tvo menn ganga eftir Þverárfjallsvegi í átt að Skagastrandarvegi. Sá hún aðeins aftan á þá út um gluggann heima hjá sér og gat því ekki gefið lýsingu á mönnunum. Þess ber að geta, að Njálssstaðir eru næsti bær við Syðra-Hól og standa milli þess bæjar og staðarins á Þverárfjallsvegi, sem bifreið ákærða Gunnars fannst.

Vitnið Sveinn Þórarinsson, kt. 220945-4489, Húnabraut 12, Blönduósi, kom fyrir réttinn og kvaðst hafa séð tvo menn ganga eftir heimreiðinni að Syðra-Hóli að morgni 25. október síðastliðinn um það bil 20 mínútur fyrir níu. Vitnið sá mennina ekki nógu vel til að lýsa þeim að öðru leyti en því, að hann taldi hafa verið stærðarmun á þeim.

Niðurstaða.

Ákærði Gunnar Pétursson hefur játað þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæruliðum 1–5 í I. kafla ákæru. Er sú játning hans í fullu samræmi við gögn málsins og framburð vitna fyrir dóminum. Samkvæmt framanrituðu telst því sannað, að ákærði Gunnar hafi gerst sekur um greind brot, sem réttilega eru heimfærð til refsheimilda í ákæru.

Ákærði Unnar Sigurður hefur staðfastlega neitað að hafa tekið þátt í þeim afbrotum, sem honum eru gefin að sök í liðum 1 til 5 í I. kafla ákæru.

Hefur hann haldið fast við þennan framburð sinn, sem fyrr er rakinn, bæði fyrir lögreglu og við dómsmeðferð málsins. Að virtum gögnum málsins og framburði vitna fyrir dóminum telur dómurinn framburð ákærða Unnars með eindæmum ótrúverðugan og skýringar hans á því, hvers vegna hann kom ásamt ákærða Gunnari inn í Essóskálann á Blönduósi, blautur og hrakinn, um klukkan 9.30 að morgni 25. október, með öllu ófullnægjandi. Vitni sáu tvo menn ganga saman í áttina að Syðra-Hóli, og vitnið Þorvaldur Ólafsson hefur borið, að ákærðu hafi sagst hafa verið saman og bíll þeirra bilað. Þá kveðst vitnið Theódóra Berndsen, íbúi að Njálssstöðum, hafa séð tvo menn ganga eftir Þverárfjallsvegi í átt að Skagastrandarvegi. Þess ber að geta, að Njálssstaðir eru næsti bær við Syðra-Hól og standa milli þess bæjar og staðarins á Þverárfjallsvegi, sem bifreið ákærða Gunnars fannst. Þá er á það að líta, að þýfi úr innbrotunum fannst í bílaleigubíl þeim, sem ákærði Unnar tók á leigu, og er sá framburður hans, að hann kannist ekkert við þessa hluti, ekki trúverðugur.

Ákærði Gunnar hefur gefið þá skýringu eina á breyttum framburði sínum hér fyrir dómi, að lögreglan á Blönduósi hafi beitt sig þrýstingi með því að hóta sér gæsluvarðhaldi og einangrun, en hann þoli einangrun mjög illa vegna sjúklegar ofvirkni, sem hann þjáist af.

Þór Gunnlaugsson, lögregluvarðstjóri á Blönduósi, kom fyrir réttinn, en hann stjórnaði umræddri skýrslutöku, og kvað það rangt, að nokkrum þrýstingi hefði verið beitt, heldur hefði ákærði fengið þau reykingahlé, sem hann hefði þurft, og sé það allt greint í skýrslunni. Hann aftók með öllu, að ákærða hefði verið hótad með gæsluvarðhaldi.

Kristófer Sæmundsson, lögreglumaður á Blönduósi, kom einnig fyrir réttinn. Kvaðst hann hafa verið viðstaddur hluta af yfirheyrslunni, m. a., þegar ákærði Gunnar sagði ákærða Unnar Sigurð hafa verið með sér að verki og þegar ákærði Gunnar las yfir skýrsluna og ritaði undir hana. Kannast hann ekki við, að beitt hafi verið þvingunum, og minnst þess ekki, að rætt hafi verið um að setja ákærða í gæsluvarðhald.

Að framanrituðu virtu og þegar þar að auki er litið til þess, hve skýringar ákærða Unnars Sigurðar á því, hvernig hann komst til Blönduóss umræddan morgun, eru með miklum ólíkindum, verður að teljast fullsannað, að ákærði Unnar Sigurður Hansen hafi í félagi við ákærða Gunnar Pétursson framið þau afbrot, sem greind eru í liðum 1 til 5 í ákæruskjali, sem eru, eins og fyrr greinir, rétt heimfærð til refsheimilda í ákæru.

III.

I. kafli ákæru.

Ákæruliðir 6 – 12.

Málavextir.

Í skýrslu lögreglunnar í Hafnarfirði kemur fram, að um klukkan tíu að kvöldi 9. nóvember 1997 hafi borist tilkynning um, að neyðarbjalla hafi farið í gang í fyrirtækinu Stjörnupoppi að Flatahrauni 21, Hafnarfirði. Kvaðst lögreglan hafa farið á staðinn, en ekki séð neitt grunsamlegt og því hafið leit í nágrenninu. Í húsnæði á neðri hæð við Stapahraun 2, sem er bónstöð, hafi lögreglumenn séð ákærðu, Gunnar Pétursson og Unnar Sigurð Hansen, á ferli innan dyra ásamt þriðja manni, sem ekki er vitað, hver var. Beið því lögregla átekta, og skömmu síðar var bifreið ekið ljóslausri frá Stapahrauni 2. Að sögn lögreglu var ökumanni gefið stöðvunarmerki, en hann sinnti því engu, og hóf þá lögregla eftirför, sem lauk við Melatorg í Reykjavík, eins og nánar er lýst í III. kafla ákæru, 1. ákærulið. Reyndist bifreið þessi vera bifreiðin IY-319 og ökumaður hennar ákærði Unnar Sigurður Hansen. Ákærði Gunnar Pétursson var farþegi í bílnum. Ákærði Unnar hafði í fórum sínum nokkurt magn af fíkniefnum, og einnig fannst í bílnum þýfi úr innbroti að Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði, frömdu aðfaranótt laugardags 8. nóvember sl., og úr innbroti að Ölduslóð 27, Hafnarfirði, frömdu aðfaranótt föstudags 31. október sl.

10. nóvember 1997 var gerð húsleit að Stapahrauni 2, og fannst þar þýfi úr eftirtöldum innbrotum:

1. í félagsheimilið Festi, Grindavík, og hafði þessum hlutum verið pakkað inn á vörubretti,
2. úr innbrotinu að Bæjarhrauni 8, sem fyrr var minnst á,
3. úr innbroti í Fluggarða 31 d,
4. úr innbroti að Óseyrarbraut 5, Hafnarfirði.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 9. desember 1997 viðurkenndi ákærði Gunnar afdráttarlaust að hafa brotist inn að Ölduslóð 27, Hafnarfirði, 31. október '97, og með sér verið ákærði Unnar Sigurður Hansen. Bar ákærði Gunnar, að þeir hefðu opnað bifreið, sem stóð fyrir utan bílskúr við Ölduslóðina, og fundið í bílnum fjarstýringu á bílskúrinn. Kvað ákærði Gunnar þá hafa stolið þarna Argon-suðuvél og alls kyns öðrum verkfærum. Ákærði Gunnar kvað þá enn fremur hafa geymt allt þýfið að Stapahrauni 2, Hafnarfirði, þar sem þeir ákærði Unnar Sigurður hefðu haft húsnæði á leigu. Ákærði Gunnar játaði einnig að hafa ásamt ákærða Unnari Sigurði brotist inn í sex fyrirtæki að Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði, 8. nóvember 1997. Hefði þetta verið hefndarráðstöfun ákærða Unnars, vegna þess að hann hefði ekki getað fengið útborguð laun hjá fyrirtækinu Hróa hetti fyrr um

daginn. Ákærði Gunnar kvaðst hafa brotist inn á bakhlið á efstu hæð hússins, eftir að hann hafði klifrað upp á áfast húspak, og síðan notað stiga til að komast upp að skrifstofunni hjá Hróa hetti. Segir hann þá hafa farið inn í nokkur fyrirtæki þarna í húsinu og m. a. stolið tveimur peningakössum. Hafi í öðrum þeirra, frá Úrvali-Útsýn, verið um 100.000 til 200.000 krónur í peningum.

Jafnframt bar Gunnar, að þeir ákærði Unnar hefðu stolið tveimur bifreiðum til þess að nota við þetta umrædda innbrot. Frá Laufvangi 4, Hafnarfirði, tóku þeir bifreiðina PD-158. Hugðust þeir nota hana við að fjarlægja peningaskápana, en krani, sem á bifreiðinni var, reyndist bilaður að sögn Gunnars. Gunnar kvaðst hafa tekið kveikjúlásinn úr til að gangsetja bifreiðina. Er ekki reyndist unnt að nota þessa bifreið, tóku þeir félagar bifreiðina R-72436, sem þeir fundu að Bæjarhrauni 4. Tók Gunnar kveikjúlásinn úr til að ræsa bifreiðina, og notuðu þeir félagar hana svo til að flytja á brott peningaskápana tvo. Héldu þeir síðan út fyrir Hafnarfjörð og opnuðu þar skápana.

Gunnar viðurkenndi einnig að hafa ásamt ákærða Unnari Sigurði brotist inn að Vörðusundi 3, Grindavík, 6. nóvember 1997 og stolið þar sendibifreiðinni AL-309. Segir hann lykla hafa verið í bifreiðinni. Bifreið þessa notuðu þeir síðan til að flytja þýfið, er þeir náðu skömmu síðar úr félagsheimilinu Festi í Grindavík. Segir hann þetta hafa gerst milli klukkan 22.00 og 23.00 umræddan dag. Þeir hafi einnig reynt að hafa á brott með sér peningaskáp, en hann reynt of þungur og engin lyfta verið á sendibílnum. Síðan hafi þeir ekið til Hafnarfjarðar á sendibílnum og farið að Stapahrauni 2 með allt þýfið, sem voru tónlistar-„græjur“, er þeir fundu í félagsmiðstöðinni. Enn fremur kvað ákærði Gunnar þá hafa pakkað inn umræddu þýfi, og hefðu þeir ætlað að geyma það, uns um hægðist. Hefðu þeir fengið Bjarna Jóhannesson til þess að útvega pappír og annað til að pakka þýfinu inn, eins og um búslóð væri að ræða. Hann tók fram, að Bjarni þessi hefði ekki vitað, að um þýfi var að ræða.

Þá viðurkenndi Gunnar einnig að hafa brotist inn að Óseyrarbraut 5, Hafnarfirði, 31. október 1997. Kvaðst hann muna að hafa tekið eitthvað af verkfærum, m. a. stingsög. Þýfið hefði verið geymt að Stapahrauni 2. Hefði hann verið einn á ferð umrætt sinn.

Um ætlaðan innbrotsþjófnad að Fluggörðum 31 d, Reykjavík, 4. nóvember 1997 kvað Gunnar rétt, að hann hefði farið þar inn í leyfisleysi, en að eins tekið þar verkfæri, sem hann átti sjálfur.

Ákærði Gunnar bar við dómsmeðferð málsins, að efni framangreindrar lögregluskýrslu væri rangt og eigi rétt eftir sér haft. Hefði skýrslan verið

samin einhliða af lögreglumönnum og verið tilbúin við upphaf yfirheyrslunnar. Hefði hann verið beittur þrýstingi af hálfu lögreglumanna við téða yfirheyrslu og sér meðal annars verið hótað einangrun.

Guðni Sigurbjarnason rannsóknarlögreglumaður kom fyrir réttinn og sagði það ekki rétt, að ákærði Gunnar hefði verið beittur óeðlilegum þrýstingi, og hafnaði því einnig, að hann hefði samið skýrsluna án atbeina ákærða og að hún hefði verið tilbúin, er ákærði kom til skýrslutöku, eins og ákærði hefði haldið fram. Fyrirsögn skýrslunnar hefði verið tilbúin, en að öðru leyti hefði hann skrifað skýrsluna nákvæmlega eftir framburði ákærða. Hann kvað ákærða hafa verið rólegan, meðan á skýrslutöku stóð.

Vitnið Gísli Þorsteinsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst ekki hafa orðið þess var, að ákærði hefði verið beittur óeðlilegum þrýstingi. Hann hefði að vísu ekki verið viðstaddur sjálfa skýrslutökuna, en verið við, er ákærði las skýrsluna yfir og ritaði undir hana sem rétta. Hann kvað ákærða hafa verið rólegan að sjá.

Ákærði Unnar Sigurður hefur neitað allri aðild að þeim verknuðum, sem greindir eru í ákæruáðöndum 6 til 12 í I. kafla ákæru, bæði fyrir lögreglu og við dómsmeðferð málsins. Í skýrslu, er hann gaf hjá lögreglu 19. nóvember 1997, bar hann, að ákærði Gunnar hefði framið þessi afbrot. Hann viðurkenndi að hafa hjálpað Gunnari við að pakka inn á vörubretti þýfi úr félagsheimilinu Festi og vitað, að um þýfi var að ræða. Hér fyrir dómi dró ákærði Unnar þennan framburð sinn til baka og kvað þetta ekki rétt eftir sér haft. Hann hefði ekkert vitað um hugsanleg innbrot ákærða Gunnars og ekki aðstoðað við að pakka inn nefndu þýfi og viti ekkert um það, hvernig það hafi komist inn í húsnæðið að Stapahrauni 2. Hann kvaðst ekki geta gefið neina skýringu á því, hvers vegna hann gaf þessa skýrslu fyrir lögreglu. Um ætlaðan nytjastuld bifreiðarinnar IY-319 frá Stapahrauni í Hafnarfirði 9. nóvember 1997 kvað Unnar Bjarna Jóhannesson hafa lánað sér bifreiðina þá um morguninn. Kvað Unnar nefndan Bjarna hafa verið innan dyra að Stapahrauni 2 í Hafnarfirði seint að kvöldi sunnudagsins 9. nóvember sl. Hefði Unnar uppgötvað, að lögreglan var utan dyra, og hann þá fengið bifreiðina að láni hjá Bjarna, sökum þess að hann hefði haft talsvert af fíkniefnum á sér. Hefði ákærði Gunnar viljað koma með sér, þar sem hann hefði haft í tösku þýfi úr innbrotum.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 11. nóvember 1997 kvað Bjarni Jóhannesson, kt. 040371-5089, þær staðhæfingar ákærða Unnars, að hann hefði fengið bifreiðina IY-319 að láni 9. nóvember sl., vera tóma vitleysu og uppspuna. Í málinu liggur frammi skráningarskríteini nefndrar bifreiðar og Ingibjörg Magnúsdóttir, kt. 260854-5859, tilgreind eigandi hennar. Kærði Ingibjörg

töku bifreiðarinnar 10. nóvember sl. Kemur fram í skýrslu þeirri, sem hún gaf lögreglu, að dóttir hennar, Jórunn Sveinsdóttir, hafi farið með téða bifreið til hreinsunar í Bónstöð Hafnarfjarðar, en bifreiðin eigi verið þar, þegar dóttir hennar ætlaði að sækja hana.

Ingibjörg Magnúsdóttir og dóttir hennar, Jórunn Sveinsdóttir, kt. 301070-5519, gáfu skýrslu fyrir dóminum og staðfestu þar framangreind atvikið.

Í málinu liggur frammi leigusamningur, en samkvæmt honum tók Unnar Sigurður húsnæðið að Stapahrauni 2 á leigu frá 1. nóvember 1997. Hafa ákærðu borið, að tilgangur þeirra með leigu húsnæðisins að Stapahrauni 2 hafi verið sá að koma á fót bónstöð.

Niðurstaða.

Ákærði Gunnar hefur, eins og fyrr greinir, neitað sök hér fyrir dómi, að því er varðar ákæru-liði 6 – 12 í I. kafla ákæru. Er það mikil breyting á þeim framburði, er hann gaf fyrir lögreglu 9. desember sl.

Grétar Sigurbergsson geðlæknir kom fyrir dóminn og bar, að ákærði Gunnar hefði verið og væri enn sjúklingur sinn. Bar vitnið, að ákærði Gunnar væri haldinn slæmri ofvirkni og þyldi því innilokun sérlega illa. Ætti hann nú innan skamms að hefja lyfjameðferð vegna þessa. Taldi vitnið mjög líklegt, að ákærði þyldi mjög illa einangrunarvist og gæti jafnvel játað á sig sakir til að losna úr henni.

Þrátt fyrir framangreindan vitnisburð Grétars Sigurbergssonar geðlæknis verður ekki komist hjá því að líta til þess, að umrædd skýrsla, sem Gunnar gaf fyrir lögreglu 9. desember 1997, gefur harla nákvæma, greinargóða og trúverðuga mynd af þeim atburðum, sem eru tilefni þeirra ákæruatriða, er greinir í liðum 6 til 12 í I. kafla ákæru. Í skýrslunni er nákvæm lýsing á því, hvernig brotin voru framin, og er ákærði Unnar Sigurður Hansen nefndur sem samverkamaður í flest skipti, en ekki öll. Rennir þetta enn frekari stöðum undir trúverðugleika þessarar skýrslu. Að auki verður að líta til þess, að ákærðu báðir höfðu umráð húsnæðis þess, sem þýfið fannst í, og voru handteknir eftir eltingarleik, sem hófst við þetta húsnæði, og reyndist þýfi úr tveimur innbrotum vera í bifreiðinni.

Samkvæmt 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991 skal dómur reistur á sönnunargögnum, sem færð eru fram við meðferð málsins fyrir dómi. Þó verður að líta til þess, að sönnunarmat dómara í opinberum málum er frjálst, sbr. meginreglu 46. gr. sömu laga. Að öllu framanrituðu virtu verður talin vera lögfull sönnun um, að ákærðu hafi gerst sekir um að hafa í sameiningu framið þau brot, sem greinir í ákæruskjali undir liðum 6 – 11 í I. kafla

ákæru. Einnig verður að teljast sannað þrátt fyrir neitun beggja ákærðu með vætti vitnanna Ingibjargar Magnúsdóttur og Jórunnar Lovísu Sveinsdóttur, að ákærðu hafi ekki verið heimil afnot bifreiðarinnar IY-319 og það mátt vera þeim báðum ljóst. Verða þeir því jafnframt sakfelldir fyrir þá háttsemi, sem þeim er gefin að sök í 12. lið ákæru. Fallist er á færslu ákæruvalds til refsíheimilda í ákæruliðum 6 – 12 í I. kafla ákæru.

III.

II. kafla ákæru.

Málavextir.

6. september sl. var ákærði Gunnar stöðvaður af lögreglu á Gagnheiði, er hann ók þar bifreiðinni G-9592. Kvaðst Gunnar eigi hafa ökuskírteini sitt meðferðis, en hins vegar með réttindi í lagi. Bað lögreglumaðurinn hann að aka bifreiðinni á lögreglustöðina, þar sem staðreyna þyrfti nafn hans. Við yfirheyrslu hjá lögreglu vaknaði sá grunur, að ákærði væri undir áhrifum fíkniefna, og var tekið af honum blóðsýni. Var sú niðurstaða blóðrannsóknarinnar, að magn amfetamíns í blóði Gunnars var 305 ng/ml, sem fundið var með gasgreiningu í súlu. Ályktarorð niðurstöðu Rannsóknastofu í lyfjafræði var, að ákærði hefði greinilega verið í vímu af völdum amfetamíns, er blóðsýnið var tekið.

Við skýrslutöku hjá lögreglu neitaði ákærði Gunnar að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna, en kvaðst hafa verið þreyttur og hvektur. Þó viðurkenndi hann að hafa neytt amfetamíns og kannabiss tveimur dögum fyrir aksturinn, en fullyrti samt, að hann hefði eigi fundið fyrir áhrifum efnanna.

Ákærði Gunnar hefur játað fyrir dóminum þá verknaði, er greinir í ákæruliðum 2 – 3 í II. kafla ákæru, og styðja gögn málsins þá játningu.

Í skýrslu þeirri, er ákærði Gunnar gaf hjá lögreglu 9. desember, viðurkenndi hann að hafa farið inn í flugskýli 31 d á Reykjavíkurflugvelli, en sagðist aðeins hafa tekið verkfæri, sem hann átti. Fyrir dóminum þverneitaði hann þeim verknaði, sem greinir í ákærulið 4 í II. kafla ákæru, og kvaðst nú ekki vita, hvar þetta flugskýli er. Þýfi úr þessu innbroti fannst að Stapahrauni 2 og enn fremur hluti þess að Skeiðarási 10 í Garðabæ. Þar hafði Fylkir Jónsson, bróðir ákærða, þýfi þetta undir höndum. Í skýrslu hjá lögreglu 12. nóvember 1997 kvaðst hann hafa fengið umrædda hluti hjá bróður sínum, Gunnari Péturssyni, og vissi ekki betur en Gunnar ætti þá.

Við títtnefnda skýrslugjöf sína hjá lögreglu 9. nóvember 1997 viðurkenndi ákærði Gunnar að hafa framið innbrot að Óseyrarbraut 5 í Hafnarfirði 31. október 1997. Við dómsmeðferð málsins neitaði ákærði hins vegar sakargiftum. Við leit lögreglunnar í húsnæðinu að Stapahrauni 2 fannst loftþessa sú, sem hvarf úr framangreindu innbroti.

Niðurstæða.

1. Ákæruliður 1, II. kafla ákæru.

Ákærði viðurkenndi að hafa ekið umrætt sinn, en kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum fíkniefna. Samkvæmt skýrslu Rannsóknastofu í lyfjafræði, dagsettri 23. október '97, var magn amfetamíns í blóði ákærða umrætt sinn 305 ng/ml. Enn fremur kemur fram í skýrslunni það álit, að maðurinn hafi greinilega verið í vímu af völdum amfetamíns, þegar blóðsýnið var tekið. Þorkell Jóhannesson prófessor kom fyrir réttinn og staðfesti þetta álit sitt. Þá hefur lögreglumaðurinn Erlendur Danielsson staðfest fyrir dóminum, að ákærði hafi að hans mati eigi verið fær um aka bifreiðinni. Þrátt fyrir neitun telst ákærði Gunnar Pétursson því sannur að sök um þetta ákæruatriði, sem heimfært er til réttar verknaðarlýsingar og refsíákvæðis í ákæru.

2. Ákæruliðir 2. – 3., II. kafla ákæru.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu og fyrir dóminum hefur ákærði skýlaust ját- að þá verknaði, er greinir í ákæruliðum 2 – 3 í II. kafla ákæru. Styðst sú játning við önnur sönnunargögn um greinda verknaði, sem færð hafa verið fram fyrir dóminum, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991. Verður þannig talin liggja fyrir lögfull sönnun um sekt ákærða Gunnars, að því er framan- greinda verknaði varðar, sbr. meginreglu 1. mgr. 45. gr. sömu laga. Háttsemi ákærða samkvæmt 3. lið II. kafla ákæru er rétt heimfærð til refsíheimildar. Ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir að hafa haft tilgreind fíkniefni í vörslum sínum 9. október 1997, sbr. 2. lið II. kafla ákæru. Í ákæru er hátt- semi þessi meðal annars heimfærð til 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65/1974 í heild sinni án sérgreindari tilgreiningar til verknaðarlýsinga og refsíákvæðis laga nr. 65/1974. Þrátt fyrir þetta verður þó talið, að lýsing háttseminnar sé nægjanlega fram sett í ákæruskjalinu, svo að ljóst þykir, að varði við ákvæði 2. mgr., sbr. 4. mgr. 2. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr., og 6. gr. laga nr. 65/1974.

3. Ákæruliður 4, II. kafla ákæru.

Ákærði gekkst við verknaði þessum við yfirheyrslu hjá lögreglu 9. desember 1997 og lýsti honum af nákvæmni. Ákærði neitaði þó skýlaust sakargiftum, hvað þetta varðar, við dómsmeðferð málsins. Þýfi úr innbroti þessu fannst í húsnæðinu að Stapahrauni 2 í Hafnarfirði. Þá fannst einnig hluti þýfisins í fórum bróður ákærða að Skeiðarási 10 í Garðabæ. Að þessu virtu og með vísan til meginreglu 46. gr. laga nr. 19/1991 verður sök ákærða Gunnars talin sönnuð. Er sú háttsemi rétt heimfærð til refsíheimildar í ákæru.

4. Ákæruliður 5, II. kafla ákæru.

Ákærði gekkst við verknaði þessum við yfirheyrslu hjá lögreglu 9. desember 1997 og lýsti honum af nákvæmni. Ákærði neitaði þó skýlaust sakargiftum, hvað þetta varðar, við dómsmeðferð málsins. Þýfi úr innbroti þessu fannst í húsnæðinu að Stapahrauni 2 í Hafnarfirði. Að þessu virtu og með vísan til meginreglu 46. gr. laga nr. 19/1991 verður sök ákærða Gunnars talin sönnuð um verknað þennan, sbr. lið 5 í II. kafla ákæru. Er sú háttsemi rétt heimfærð til refsheimildar í ákæru.

IV.

III. kafla ákæru.

Málavextir.

9. nóvember sl. var bifreiðinni IY-319 ekið ljóslausri frá húsnæðinu að Stapahrauni 2 í Hafnarfirði, en lögregla hafði ákærðu Unnar og Gunnar grunaða um að vera viðriðna innbrot í nágrenninu. Samkvæmt skýrslu lögreglu virti ökumaður greindrar bifreiðar að vettugi merki lögreglu um að stöðva ökutækið og ók með ofsahraða um Hafnarfjörð og til Reykjavíkur, uns bifreiðin lenti utan vegar við Melatorg þar í bæ.

Ákærði Unnar Sigurður viðurkenndi við yfirheyrslu hjá lögreglu og við dómsmeðferð málsins að hafa ekið bifreiðinni IY-319 greint sinn. Þá viðurkenndi hann einnig að hafa haft í fórum sínum greind fíkniefni, sbr. 2. lið í III. kafla ákæru.

Niðurstaða.

Ákærði Unnar Sigurður hefur skýlaust játað þá verknaði, sem greinir í III. kafla ákæru, við yfirheyrslur hjá lögreglu og fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 19/1991. Styðst sú játning við önnur sönnunargögn í málinu, sem lögð hafa verið fram við dómsmeðferð þess. Sök ákærða Unnars Sigurðar telst því sönnuð, sbr. meginreglu 1. mgr. 45. gr. sömu laga.

Ákærði Unnar ók margsinnis á ofsahraða yfir gatnamót gegn rauðu ljósi, og mældist hraði hans um 170 km miðað við klukkustund á móts við Kringluna í Reykjavík. Skeytti ákærði því engu, þó að nokkur umferð væri á akstursleið hans. Endaði ökuferðin utan vegar, eftir að ákærði hafði ekið utan í tvær bifreiðar. Ákærði var undir áhrifum fíkniefna við akstur umrætt sinn, og mældist amfetamínmagn í blóði hans 600 ng/ml. Magnið bendir til þess, að ákærði hafi verið í vímu af völdum efnisins, enda hefur hann viðurkennt, að svo hafi verið. Mátti ákærða því vera fullljóst, að ófært var, að hann æki bifreiðinni í umrætt sinn.

Að framanrituðu virtu telur dómurinn, að ákærði hafi með akstri sínum valdið almannahættu og raskað umferðaröryggi með þeim hætti, sem greinir í 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Fallist er jafnframt á

heimfærslu ákæruvaldsins til verknaðarlýsinga og refsíákvæða að öðru leyti en því, að áréttaðar eru forsendur dómsins í kafla III, 2 um tilvísun til verknaðarlýsingar og refsíákvæðis laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni.

V.

Ákvörðun refsingar.

1. Ákærði Gunnar Pétursson.

Ákærði Gunnar Pétursson hefur frá árinu 1987 margsinnis komist í kast við lög. Hefur hann frá árinu 1987 hlotið sautján refsidóma fyrir margvísleg brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og umferðarlögum, nú síðast með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 9. desember 1997. Verður því litið til ákvæðis 78. gr. hegningarlaga í máli þessu. Ákærði gerðist sekur um brot gegn ákvæði 244. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. hegningarlaga, 19. nóvember 1996, og hefur sá dómur ítrekunaráhrif á þau auðgunarbrot, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, sbr. 255. gr., sbr. 71. gr. hegningarlaga. Við ákvörðun refsingar verður tekið mið af 77. gr. almennra hegningarlaga og einnig með hliðsjón af sakaferli ákærða Gunnars litið til ákvæðis 72. gr. sömu laga. Að framanrituðu virtu verður refsing ákærða Gunnars hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Ákærði Gunnar var dæmdur til að sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudags 22. desember 1997 með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 17. nóvember 1997, en héraðsdómur hafði hafnað gæsluvarðhaldskröfu rannsóknara 11. nóvember 1997. Ákærði Gunnar gaf sig hins vegar ekki fram við lögreglu, er dómur Hæstaréttar öðlaðist réttaráhrif. Var hann eigi handtekinn fyrr en 2. desember 1997. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 2. desember til frádráttar dæmdri refsingu með fullri dagatölu.

Þá verður ákærði Gunnar sviptur ökurétti í eitt ár frá birtingardegi dómsins að telja, sbr. 3. mgr. 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2. Ákærði Unnar Sigurður Hansen.

Sakaferill ákærða Unnars Sigurðar Hansen er ærið langur og alvarlegur. Hefur hann hlotið tuttugu refsidóma frá árinu 1985, þar af fimmtán dóma fyrir brot gegn ákvæði 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, síðast 1. september 1995, en kærði lauk afplánun vegna þess brots stuttu áður en hann framdi þau brot, sem hann er nú sakfelldur fyrir. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 1. september 1995, var ákærði Unnar sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hefur sá dómur því ítrekunaráhrif á þau auðgunarbrot, sem ákærði er nú sakfelldur fyrir, sbr. 255. gr., sbr. 71. gr. hegningarlaga. Ákærði er sýnilega vanaafbrotamaður, og verður því einnig litið til ákvæðis 72. gr. hegn-

ingarlaga við ákvörðun refsingar. Þá er refsing ákærða ákveðin með hliðsjón af reglum 77. gr. sömu laga. Refsing ákærða þykir að framanrituðu virtu hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Til frádráttar kemur gæsluvarðhaldsvist ákærða Unnars frá 11. nóvember 1997 með fullri dagatölu, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Unnar Sigurður hefur gerst sekur um mjög víttaverðan og hættulegan akstur, sem talinn er varða við ákvæði 1. mgr. 168. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá var brot þetta framið undir áhrifum fíkniefna, sbr. 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga nr. 40/1987. Með hliðsjón af ákvæði 3. mgr. 101. gr. umferðarlaga telur dómurinn rétt að svipta ákærða Unnar Sigurð ökurétti ævilangt frá birtingardegi dómsins að telja.

Krafa um upptöku og bótakröfur.

Fallist er á kröfu ákæruvaldsins um, að ákærði Gunnar sæti upptöku á 9,6 g af amfetamíni, 4,6 g af hassi og 0,3 g af maríhúana og að ákærði Unnar sæti upptöku á 9,8 g af hassi, 1,8 g af amfetamíni og 0,4 g af maríhúana, sbr. 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1975 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986. Í ákæruskjali er þess krafist, að ákærði Unnar sæti upptöku á 0,4 g af hassi. Ef litið er til verknáðarlýsingar, sem fram kemur í III. kafla ákæru, 2. lið, er ljóst, að hér er um villu að ræða. Með vísan til 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 þykir ekki varhugavert að gera ráð fyrir, að hér sé farið fram á upptöku á 0,4 g af maríhúana.

Ákærðu hafa hafnað fram komnum bótakröfum í máli þessu. Eru þær eigi studdar neinum gögnum né öðrum rökstuðningi, og verður því eigi hjá því komist að vísa þeim frá dómi, sbr. 2. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991.

Sakarkostnaður.

Með vísan til 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 verða ákærðu dæmdir til að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 kr. Ákærði Gunnar Pétursson greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 170.000 kr. í málsvarnarlaun og fyrir réttargæslustörf. Ákærði Unnar Sigurður Hansen greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hrl., 170.000 kr. í málsvarnarlaun og fyrir réttargæslustörf.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði Gunnar Pétursson sæti fangelsi í tvö ár. Til frádráttar dæmdri refsingu komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 2. desember 1997.

Ákærði Unnar Sigurður Hansen sæti fangelsi í tvö ár. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans frá 10. nóvember síðastliðnum.

Ákærði Gunnar skal sviptur ökurétti í eitt ár frá birtingardegi dómsins að telja.

Ákærði Unnar skal sviptur ökurétti ævilangt frá birtingardegi dómsins að telja.

Ákærði Gunnar sæti upptöku á 9,6 g af amfetamíni, 4,6 g af hassi og 0,3 g af maríhúana.

Ákærði Unnar sæti upptöku á 9,8 g af hassi, 1,8 g af amfetamíni og 0,4 g af maríhúana.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð, 100.000 kr.

Ákærði Gunnar greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hrl., 170.000 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærði Unnar greiði skipuðum verjanda sínum, Hilmari Ingimundarsyni hrl., 170.000 kr. í málsvarnarlaun.
